

146. löggjafarþing 2016–2017.
146. mál.

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndinni barst beiðni frá atvinnuveganefnd um umsögn um málið 3. mars 2017. Nefndin hefur tekið málið til umfjöllunar og fengið á sinn fund Erlu Sigríði Gestsdóttur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Meiri hluti nefndarinnar fagnar því að fram sé komin aðgerðaáætlun um orkuskipti í fyrsta skipti síðan 2011 og telur brýnt að vinna ótullega að aðalmarkmiði áætlunarinnar um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og skipta óendurnýjanlegum orkugjöfum út fyrir endurnýjanlega að eins miklu leyti og unnt er. Meiri hlutinn útilokar þó ekki að gera mætti enn betur og tekur að nokkru leyti undir sjónarmið um að aðgerðaáætlunina skorti mælanleg markmið umfram huglæg. Heppilegra væri að miða með ríkari hætti við skýra mælikvarða svo betur væri unnt að greina árangur. Á fundum nefndarinnar um málið hefur auk þess borið á góma að markmið, t.d. um að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í landsamgöngum árið 2030 verði 40%, mættu vera háleitari, einkum þar sem orkuskipti í landsamgöngum þjóni grundvallarhlutverki þegar kemur að alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum. Á móti komi að gæta þurfi að því að framsett markmið séu raunhæf. Meiri hlutinn telur mikilvægt að lítið sé á umrætt markmið sem lágmarksviðmið en að metnaður til að gera enn betur verði hafður að leiðarljósi. Að lokum bendir meiri hlutinn á að til að hægt verði að stíga stór skref í orkuskiptum í samgöngum þurfi að tryggja framboð á endurnýjanlegri orku og getu raforkuflutningskerfisins til orkuskipta um land allt.

Að framangreindu virtu telur meiri hlutinn mikilvægt að aðgerðaáætlunin verði samþykkt en leggur um leið áherslu á að hún er aðeins eitt af mörgum nauðsynlegum skrefum í átt að því að draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum af mannavöldum.

Ásmundur Friðriksson skrifar undir umsögn þessa með þeim fyrirvara að hann á jafnframt sæti í atvinnuveganefnd.

Alþingi, 26. apríl 2017.

Valgerður Gunnarsdóttir, form.

Ásmundur Friðriksson (með fyrirvara).

Bryndís Haraldsdóttir.

Pawel Bartoszek.

Teitur Björn Einarsson.